

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.3 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, fimmtudaginn 23. júní kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 874.
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs.
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Borghildur Sölvey Sturludóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Birkir Ingibjartsson, Hrafnhildur
Sverrisdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Brynja Kemp Guðnadóttir,
Björn Ingi Edvardsson, Olga Guðrún B Sigfúsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Seljavegur 1, breyting á deiliskipulagi** (01.130.2) Mál nr. SN210692
Skjalnr. 13910
Maison ehf., Síðumúla 35, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. janúar 2022 var lögð fram umsókn
Maison ehf. dags. 6. október 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits
vegna lóðarinnar nr. 1 við Seljaveg. Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja
tveggja hæða hús með þremur smáíbúðum og útisvæðum á þaki ásamt því að setja tvö
yfirbyggð bílastæði á norðurhluta lóðar við Nýlendugötu. Við breytinguna hækkar
nýtingarhlutfall lóðar og byggingarmagn eykst, samkvæmt deiliskipulaguppdr. Studio
Granda dags. 20. ágúst 2021, breytt 21. júní 2022. Einnig eru lagðir fram
skuggavarpuppdr. dags. 20. ágúst 2021. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi
samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti
skipulagsfulltrúa til Dagmarar Þorsteinsdóttur, dags. 2. júní 2022.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Seljavegi 2,
Vesturgata 54, 54a, 56 og 58 og Nýlendugötu 34 og 45.*
*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu
sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu
framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.*
- Akrasel 6, Gluggar og svalahurð kjallara** (04.943.006) Mál nr. BN058988
Skjalnr. 14391
Agata Weronika Cieszyńska, Akrasel 6, 109 Reykjavík
Gunnhildur Björg Ívarsdóttir, Akrasel 6, 109 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er
um leyfi til að grafa frá kjallara að hluta og koma fyrir gluggum og hurðum á göflum
jafnframt því sem gerð er grein fyrir áður gerðri breytingu þar sem óuppfyllt rými í
kjallara hafa verið innréttað í parhúsi á lóð nr. 6 við Akrasel. Lögð er fram umsögn
skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa
dags. 23. júní 2022.
*Neikvætt. Samræmist ekki hverfisskipulagi, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní
2022.*

3. **Fýlshólar 11, Stækkun - breytingar** (04.641.5) Mál nr. BN061105
Skjalnr. 12890
Kristín Brynhildur Davíðsdóttir, Hlíðarvegur 38, 625 Ólafsfjörður
Ásgeir Logi Ásgeirsson, Hlíðarvegur 38, 625 Ólafsfjörður
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að stækka rými 0101 út á hluta svala með gluggum, eldhús fært og sameinað stofu, komið fyrir herbergi, staðsetning sorps fært frammar í lóð, komið fyrir heitum potti og útisturtu sunnan við hús, í rými 0002 er gluggi herbergis á austurhlið síkkaður og komið fyrir björgunaropi, gluggi síkkaður í þvottahúsi, lóð lækkuð að hluta á austurhlið og komið fyrir nýjum inngangi, verkstæðisrými breytt í sjónvarpsherbergi, rými 0001 stækkar undir hluta svala með gluggum, eldhús fært og sameinað stofu, komið fyrir herbergi, björgunarop sett í bæði herbergin, komið fyrir þvottaðstöðu og geymslu undir stiga við forstofu í húsi á lóð nr. 11 við Fýlshóla. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 23. júní 2022, samþykkt.
4. **Egilsgata 14, Rétt hæð lóðar og mannvirkis** (01.195.003) Mál nr. BN060948
Skjalnr. 14003
Ísey Investments ehf., Laxatungu 47, 270 Mosfellsbær
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055057 þannig að hæð lóðar og mannvirkja innan hennar er leiðrétt fyrir íbúðarhús og bílskur á lóð nr. 14. við Egilsgötu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Funahöfði 7, (fsp) - Breytt skráning** (40.600.04) Mál nr. BN061039
Skjalnr. 9246
Guðmundur Kristján Jónsson, Mýrargata 26, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. maí 2022 þar sem spurt er hvort leyft yrði að breyta skráningu 1. hæðar úr skrifstofum í íbúðarherbergi á lóð nr. 7 við Funahöfða. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2022.
6. **Grettisgata 41, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.173.1) Mál nr. SN220319
Skjalnr. 13469
Martina Peony Wiedemann, Helluland, 551 Sauðárkrókur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Martina Peony Wiedemann dags. 24. maí 2022 ásamt bréfi dags. 25. maí 2022 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.1, Timburhúsareits, vegna lóðarinnar nr. 41 við Grettisgötu sem felst í að heimilt verði að byggja stakstætt hús, nyrst á lóðinni, í stað viðbyggingar ásamt því að heimild fyrir hækkun á núverandi húsi verði felld niður, samkvæmt uppd. Grímu arkitekta dags. 24. maí 2022. Einnig er lagt fram skuggavarp Grímu arkitekta dags. 24. maí 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Hellusund 6A, Br. og viðbót við hús.** (11.852.14) Mál nr. BN060793
Skjalnr. 14588
Þingholt ehf., Hellusundi 6, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun úr íbúðarhúsi í skrifstofuhúsnæði, byggja tengigang við norður lóðarmörk ásamt tilheyrandi breytingum á innra skipulagi og útlitsbreytingum því til samræmis, 8-10 starfsmenn í húsi á lóð nr. 6A við Hellusund. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 23. júní 2022, samþykkt.

8. **Hlemmur og nágrenni, framkvæmdaleyfi** (01.240.0) Mál nr. SN220379
Skjalnr. 9064
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. júní 2022 var lögð fram umsókn Skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 13. júní 2022 um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar götuhluta Laugavegs sem liggur frá Hlemmi að Snorrabraut í samræmi við framkvæmdamörk á yfirlitsteikningu. Endurnýja á núverandi fráveitulögn með tvöföldu kerfi regnvatns og skolps. Fyrirliggjandi heimæðar og niðurföll tengd nýja kerfinu auk nýrra svelgja í regnbeðum. Hluti hitaveitulagna í götustæði endurnýjaðar. Einnig verður götukassi endurnýjaður og gengið frá gróðurbeðum blágrænna lausna, nýrri hellulögn í gang- og götustæði, nýju snjóbræðslukerfi undir hellulögn og fæðistrengjum rafmagns í jörðu sem verða tengdir bráðabirgðagötulýsingu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
9. **Rafstöðvarvegur 6, (fsp) hleðslustæði** (04.255.3) Mál nr. SN220307
Skjalnr. 14247
Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Orkuveitu Reykjavíkur dags. 18. maí 2022 um að setja hleðslustæði á lóð nr. 6 við Rafstöðvarveg. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Spítalastígur 4, 6, 4a og 6b, (fsp) breyting á lóðarmörkum** (01.184.0) Mál nr. SN220380
Skjalnr. 11050
Baldur Ólafur Svavarsson, Hlíðarbyggð 14, 210 Garðabær
Lögð fram fyrirspurn Baldurs Ólafs Svavarssonar f.h. Bláistekkur ehf., dags. 14. júní 2022, um breytingu á lóðarmörkum lóða nr. 4, 6, 4a og 6b við Spítalastíg, samkvæmt uppdr. Úti-Inni arkitektar dags. 9. júní 2022. Einnig lagt fram bréf hönnuðar dags. 9. júní 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
11. **Sæmundargata 15-19, breyting á deiliskipulagi** (01.631.3) Mál nr. SN220291
Skjalnr. 13128
Fasteignafélagið Eyjólfur ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur
PK Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 17. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða, vegna lóðarinnar nr. 15-19 við Sæmundargöt. Í breytingunni felst að byggingarreitur þakhæðar er breytt lítillga til að koma fyrir upphækkuðu lyftu- og stigahúsi á vesturhlið byggingarinnar við Sæmundargötu, samkvæmt uppdr. PK Arkitekta ehf. dags. 25. maí 2022.
Vísað til umhverfis-og skipulagsráðs til afgreiðslu.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

12. **Arnarhlíð 2, (fsp) rekstur veitingastaðar** (01.629.5) Mál nr. SN220333
Skjalnr. 14654
Kristinn Ingi Lárusson, Espilundur 5, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Kristins Inga Lárussonar dags. 30. maí 2022 um rekstur veitingastaðar í húsinu á lóð nr. 2 við Arnarhlíð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 23. júní 2022, samþykkt.
13. **Grandagarður 16, Hafnarvog og tilheyrandi starfsaðstaða** (01.114.301) Mál nr. BN060972
Skjalnr. 12594
Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. maí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera glugga, nýja inngangshurð og breyta innra skipulagi þannig að hluti af rýmum 0104 og 0105 eru sameinuð í eitt rými og innréttuð vinnuaðstaða á upphækkuðu gólfi, starfsmannaaðstaða og verkstæði fyrir starfsmenn nýrrar hafnarvogar sem komið verður fyrir í gryfju við suðvesturhlíð húss á lóð nr. 16 við Grandagarð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið en breyta þarf deiliskipulagi, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
14. **Hólmvað 6, (fsp) plöntun trjáa í borgarlandi** (04.741.201) Mál nr. SN220384
Skjalnr. 13013
Elín Karlsdóttir, Hólmvað 6, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Elínar Karlsdóttur, dags. 15. júní 2022, um að planta trjám við húsvegg á lóðum nr. 6a, 6b, 6c og 6d við Hólmvað.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Rauðarárstígur 24, (fsp) breyting á notkun geymslu** (01.243.1) Mál nr. SN220209
Skjalnr. 11704
Krads ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
Elísabet Ólafsdóttir, Rauðarárstígur 24, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Krads ehf. dags. 12. apríl 2022 um breytingu á notkun geymslu sem staðsett er á jarðhæð við hlið hússins á lóð nr. 24 við Rauðarárstíg úr geymslu í íbúð, samkvæmt tillögu Krads ehf. dags. 24. febrúar 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2022.
16. **Skólavörðustígur 27, (fsp) stækkun húss** (01.182.2) Mál nr. SN220309
Skjalnr. 6257
Trípólí ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
S27 ehf., Vesturbrún 15, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Trípólí ehf. dags. 19. maí 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 27 við Skólavörðustíg, samkvæmt tillögu Trípólí ehf. dags. 6. maí 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 23. júní 2022, samþykkt.

17. **Sólvallagata 47, (fsp) breyta hluta kjallara og bílskúr í íbúð** (01.139.1) Mál nr. SN220238 Skjalnr. 11234
Guðbrandur Jóhannesson, Sólvallagata 47, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Guðbrands Jóhannessonar dags. 27. apríl 2022 um að breyta hluta kjallara og ósamþykktum bílskúr á lóð nr. 47 við Sólvallagötu í íbúð með sér fastanúmeri eða að öðrum kosti sem aukaíbúð, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
18. **Ármúli 7 - 9, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.262.1) Mál nr. SN220258 Skjalnr. 6528
Reitir - hótél ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Reita - Hótela ehf. dags. 5. maí 2022 ásamt bréfi dags. 4. maí 2022 um breytingu á deiliskipulagi vegna lóðanna nr. 7 og 9 við Ármúla sem felst í lóðirnar verði sameinaðar í eina og ákvæði um fjölda bíla- og hjólastæða verði tilgreint í samgöngumati samkvæmt ákvæðum bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar, samkvæmt uppdráttum THG Arkitekta ehf. dags. 4. maí 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Brautarholt 6, Breytingar 1. og 2. hæð** (01.241.204) Mál nr. BN060766 Skjalnr. 11547
Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, innrétta 6 íbúðir á 2. hæð, innrétta geymslur í austurhluta 1. hæðar, breyta gluggum á báðum hliðum, gera svalir á götuhlið og gera flatt þak á bakhús og gera þar svalir og aðkomu fyrir íbúðir á 2. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
20. **Funafold 23, Glerhýsi (áður byggt)** (28.613.02) Mál nr. BN061143 Skjalnr.
Aðalsteinn Guðmundsson, Funafold 23, 112 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðri sólstofu innangengri frá stofu, við suðurhlið einbýlishúss á lóð nr. 23 við Funafold.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
21. **Láland 16, breyting á deiliskipulagi** (01.874.2) Mál nr. SN220187 Skjalnr. 10709
Kurt og Pí ehf., Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
Guðmundur Auðunn Auðunsson, Láland 16, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. maí 2022 var lögð fram umsókn Kurt og Pí ehf. dags. 30. mars 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðarinnar nr. 16 við Láland. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til austurs, samkvæmt uppdr. Kurt og Pí ehf. dags. 16. mars 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt samþykki meðlóðarhafa dags. 15. júní 2022.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Lálandi 15, 17, 18 og 20.
Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr. og 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.

22. **Miðtún 58, timbursmáhýsi og pallur** (01.235.011) Mál nr. BN061146
Skjalnr.
- Tryggvi Viðarsson, Miðtún 58, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja gestahús úr timbri á vesturhluta lóðar og verönd og tröppur við vesturgafli fjölbýlishúss á lóð nr. 58 við Miðtún.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Síðumúli 23, (fsp) deiliskipulag** (01.295.1) Mál nr. SN220301
Skjalnr. 7734
- Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Haralds Ingvarssonar dags. 10. maí 2022 um gerð deiliskipulags fyrir lóð nr. 23 við Síðumúla sem felst í að heimilt verði að breyta efri hæðum hússins í íbúðir, aðlagða lóð að íbúðarhúsnæði hvað varðar leiksvæði fyrir börn, gróður, hjólageymslur og sorp og bæta við aukahæð á álmur sem snúa að Selmúla og Síðumúla ásamt svölum að Síðumúla og inngarði, samkvæmt uppdr. Plúsarkitekta ehf. dags. 10. maí 2022. Einnig er lagður fram skýringaruppdr. dags. 2. maí 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 23. júní 2022, samþykkt.
24. **Skipholt 33, (fsp) stækkun og hækkun húss** (01.251.1) Mál nr. SN220197
Skjalnr. 6321
- LX fasteignir ehf, Skipholti 37, 105 Reykjavík
VA arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn LX fasteigna ehf. dags. 29. mars 2022 um stækkun og hækkun hússins á lóð nr. 33 við Skipholt, samkvæmt tillögu VA arkitekta ehf. dags. 23. mars 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 23. júní 2022, samþykkt.
25. **Skúlagata 30, (fsp) niðurrif húss og breyting á byggingarreit** (01.154.3) Mál nr. SN220375
Skjalnr. 8648
- Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Rauðsvíkur ehf, dags. 13. júní 2022, um niðurrif núverandi húss og smávægilegar breytingar á byggingarreit. Einnig lögð fram tillaga Batterísins dags. 13. júní 2022 og Minnisblað Davíðs Arnars Baldurssonar dags. 4. maí 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
26. **Sundlaugavegur 24, Þak og ný íbúð í risi** (01.361.007) Mál nr. BN061113
Skjalnr. 14667
- Brynjar Þór Björnsson, Sundlaugavegur 24, 105 Reykjavík
Sigurrós Jónsdóttir, Sundlaugavegur 24, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum, gera sér íbúð í risi, hækka þak, gera glugga og kvistum á austur- og vesturþekju íbúðarhúss á lóð nr. 24 við Sundlaugaveg.
Stækkun 54.5 ferm., 87.8 rúmm.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

27. **Eirhöfði 18, Köld skemma** (40.300.04) Mál nr. BN061034
Skjalnr. 6506
Heilsa og fegurð ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júní 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að reisa kalda skemmu fyrir aflestun á vörum og að setja nýja glugga á austurhlíð húss á lóð nr. 18 við Eirhöfða. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
28. **Gufunes, áfangi 1 - Jöfursbás reitir A3 og A4, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN220257
Skjalnr.
Hildur Gunnlaugsdóttir, Hvassaleiti 97, 103 Reykjavík
GF 1 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
JVST ICELAND ehf., Ármúla 3, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lögð fram umsókn Hildar Gunnlaugsdóttur, f.h. Spildu ehf. dags. 4. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi áfanga 1 í Gufunesi vegna reita A3 og A4. Í breytingu felst tilfærsla á lóðarmörkum (fjöldi og lögun lóða er að breytast), aukning á fjölda íbúða, húshæðir aukast en þó innan marka sem tilgreint er í aðalskipulagi. Heildarbyggingamagn á svæðinu helst óbreytt m.v. gildandi heimildir og mun byggðarmynstur á uppbyggingarsvæði breytast, í stað randbyggðar, standa stakstæð hús í grænu garðrými. Almennings- og dvalarrými eykst og það gert samfelldara, m.a. með því að fella niður botnlangann Hilmisbás. Töluverð atvinnustarfsemi er í gildandi skipulagi og mun nær öll sú starfsemi í núverandi heimildum breytast í íbúðir, samkvæmt uppdr. dags. 30. maí 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis-og skipulagsráðs
Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1551/2021.
29. **Gufunesvegur 32, (fsp) fjölbýlishúss** (02.220.301) Mál nr. SN220366
Skjalnr. 14657
Yrki arkitektar ehf., Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn þorpsins 8 og Yrki arkitekta ehf., dags. 3. júní 2022, um byggingu fjölbýlishúss á lóð nr. 32 við Gufunesveg, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 3. júní 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
30. **Jöfursbás 9B, Breytingar á lóð 9a,b,c** Mál nr. BN061139
Skjalnr. 14665
Hverfið Gufunes ehf., Skippholti 50d, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús með 24 íbúðum á fjórum hæðum með einu stigahúsi ásamt kjallara undir hluta húss á lóð nr. 9B við Jöfursbás.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
31. **Kjalarnes, Skrauthólar 4, breyting á deiliskipulagi** (33.2) Mál nr. SN220284
Skjalnr. 10158
H-O-H sf., Bergstaðastræti 9, 101 Reykjavík
Kristinn Ragnarsson, arkit ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 12. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi vegna landsins Skrauthólar 4. Í breytingunni felst að heimilt verði að innrétta íbúð á efri hæð þjónustubyggingar og að breyta fjárhúsi í norðurhluta landsins í einbýlishús, samkvæmt uppdr. KRark dags. 9. maí 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umsagnar Veðurstofu Íslands vegna ofanflóðamats.

32. **Skútuvogur 5 og 7-9, breyting á deiliskipulagi** (01.421.7) Mál nr. SN220245 Skjalnr. 5749
Indro Indriði Candi, Álfhólsvegur 62, 200 Kópavogur
Reitir - iðnaður ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Lögð fram umsókn Indro Candi dags. 29. apríl 2022 ásamt bréfi dags. 29. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skútuvogs vestur vegna lóðanna nr. 5 og 7-9 við Skútuvog. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni og stækkun á byggingarreitum lóðarinnar nr. 7-9 ásamt fjölgun bílastæða, samkvæmt deiliskipulags- og skýringarupph. VA arkitekta ehf. dags. 2. mars 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
33. **Suðurlandsvegur, Skipulagslýsing** (05.8) Mál nr. SN220392 Skjalnr. 9250
Lögð fram skipulagslýsing EFLU verkfræðistofu fh. umhverfis- og skipulagssvið, skipulagsfulltrúa, dags. 22.júní 2022, um nýtt deiliskipulag Suðurlandsvegar, frá vegamótum við Bæjarháls að sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ nálægt Hólmsá, veghelgunarsvæða hans og gatnamóta á þessari leið. Vegagerðin áformar að í samvinnu við borgina að tvöfalda Suðurlandsveg og er markmið framkvæmdar að auka umferðaröryggi allra faramóta og tryggja greiðari leið umferðar um Suðurlandsveg með því að aðskilja akstursstefnur. Lagður verður 2+2 vegur, tengingum fækkað frá því sem nú er, þrenn mislæg vegamót, gerðir nýir reið-, hjóla- og göngustígar. Vegurinn verður lagður í allt að fimm áföngum og nær deiliskipulagið til fyrstu tveggja áfanganna.
Vísað til umhverfis-og skipulagsráðs til afgreiðslu.
34. **Úlfarsfell II, Niðurrif - íbúðarhús og hlaða** (00.076.002) Mál nr. BN060989 Skjalnr. 8533
TBA Heimilislækningar ehf, Pósthólf 39, 202 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. maí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á íbúðarhúsi ásamt hlöðu og fjósi á lóð L 208499, Úlfarsfell II. Gert er ráð fyrir að byggja einnar hæðar 220 fm einbýlishús ásamt aðskildu 70 fm gróðurhúsi og að ný hús verði á sama stað og fyrri byggingar stóðu, samkvæmt uppdrætti/frumtillögu Andrésar Narfa Andréssonar dags. 24. maí 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
35. **Fiskislóð 39, (fsp) hækka nýtingarhlutfall lóðar og setja milliloft** (01.086.6) Mál nr. SN220313 Skjalnr. 12471
s. ap arkitektar ehf., Laugavegi 143, 105 Reykjavík
Forlagið ehf., Bræðraborgarstíg 7, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn s.ap arkitekta ehf. dags. 20. maí 2022 ásamt bréfi dags. 19. maí 2022 um hækkun á nýtingarhlutfalli lóðarinnar nr. 39 við Fiskislóð og koma fyrir millilofti í húsinu, samkvæmt skissu á byggingarnefndarteikningu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
36. **Ingunnargata 3, Færanleg sjálfsafgreiðslustöð - Pikkaló** (01.631.309) Mál nr. BN061017 Skjalnr. 14664
Pikkoló ehf., Lynghaga 10, 107 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um heimild til þess að staðsetja færanlega snjall-sjálfsafgreiðslustöð með kælingu fyrir matvörur, byggða úr clt einingum, á viðskipta- og þjónustulóð nr. 3 við Ingunnargötu.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

37. **Klapparstígur 19, Veghúsastígur 1,** (01.152.4) Mál nr. SN220286
breyting á deiliskipulagi Skjalnr. 11187
 Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur
 Ottó A. Michelsen ehf., Klettagörðum 23, 104 Reykjavík
 Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 12. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 19 við Klapparstíg og nr. 1 við Veghúsastíg. Í breytingunni felst að friðaður steinbær verður festur í sessi, varðveittur og gerður upp í samráði við Minjastofnun Íslands, heimilt verður að rífa einlyftar byggingar á baklóð og timburhús að Veghúsastíg 1 ásamt því að á tveimur byggingarreitum er gert ráð fyrir sambyggðum húsum í tveimur röðum með mænisþökum á hverri einingu, samkvæmt deiliskipulagsuppd. uppd. Arkís arkitekta ehf. dags. 9. maí 2022. Einnig eru lagðar fram skýringarmyndir dags. 31. maí 2016 og Skuggavarp dags. 19. apríl 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
38. **Leirtjörn, vestur - nýtt deiliskipulag** (02.6) Mál nr. SN220394
Skipulagslýsing Skjalnr. 9352
 Lögð fram skipulagslýsing, dagsett 22. júní 2022, vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar við Leirtjörn í Úlfarsárdal. Í breytingunni er gert ráð fyrir 2-5 hæða íbúðarbyggð, samfélagsþjónustu og annarri nærþjónustu.
Vísað til umhverfis-og skipulagsráðs til afgreiðslu.
39. **Reynisvatnsás, breyting á skilmálum** Mál nr. SN220117
deiliskipulags Skjalnr. 9123
 Að lokinni auglýsingu er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dagsett 23.06.2022, ásamt uppfærðri tillögu að skilmálabreytingu, dagsettri 17.06.2022, sem viðbrögð við athugasemdum. Í breytingunni felst að heimild er gefin að skorsteinar og loftnet nái upp fyrir skilgreindar hámarkshæð húsa. Tillagan var auglýst frá 23. mars 2022 til og með 11. maí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Kjartan Lilliendahl og Sigríður Bragadóttir dags. 1. maí 2022, Vörður Ólafsson og Svanborg Gústafsdóttir dags. 8. maí 2022, Íbúasamtök Úlfarsárdals dags. 8. maí 2022, Björn Ingi Björnsson dags. 8. maí 2022, Hilmar Karlsson dags. 8. maí 2022 og Þórður Antonsson dags. 9. maí 2022. Einnig er lagt fram bréf íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals dags. 27. september 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. maí 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis-og skipulagsráðs til afgreiðslu.
40. **Sóleyjargata 29, Breytingar utanhúss** (01.197.415) Mál nr. BN060470
 Skjalnr. 13151
 Marínó Marínósson, Spánn,
 Karlína Sigríður Ingvadóttir, Spánn,
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að stækka íbúðarhús, breyta útliti glugga og útihurða lítilla, breyta þaki og færa aftur í upprunalegt horf ásamt því að byggja nýjan bílskúr, mhl.02, gera stoðveggi á lóðarmörkum, nýja sorpgeymslu og geymsluskúr á lóð nr. 29 við Sóleyjargötu.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Smáragötu 2, 4 og 6 og Sóleyjargötu 27 og 29.
Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.

41. **Úthlíð 7, hækka ris og gera íbúð** (12.701.10) Mál nr. BN061020
Skjalnr. 13546
Ragnar Örn Steinarsson, Úthlíð 7, 105 Reykjavík
Sólrún W Kamban, Úthlíð 7, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir og gera íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 7 við Úthlíð.
Stækkun: 95 ferm., 129,2 rúmm.
Eftir stækkun, A-rými: 512,8 ferm., 1.320,8 rúmm.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 9. mars 2022.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Úthlíð 5, 6, 8, 9 og 10 og Flókagötu 56, 58 og 60.
Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
42. **Dalbrautarreitur - Laugalækjarskóli,** (01.348.0) Mál nr. SN220244
breyting á deiliskipulagi Skjalnr. 6413
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna Leirulækjar 2 (Laugalækjarskóla). Breytingin felst í því að koma fyrir byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur á vesturhluta skólalóðarinnar og skilgreina byggingarmagn innan reitsins, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. apríl 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 13. maí 2022 til og með 13. júní 2022. Ábending frá Veitum, dags. 8. júní 2022.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
43. **Kirkjusandur 2, breyting á deiliskipulagi** (01.345.1) Mál nr. SN220377
Skjalnr. 8540
Kurt og Pí ehf., Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
IS ÞL2 ehf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. júní 2022 var lögð fram umsókn Kurt og Pí ehf. f.h. eiganda dags. 13. júní 2022, varðandi breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðarinnar nr. 2 við Kirkjusand. Í breytingunni felst breytt landnotkun og byggingarmagn og breyting á byggingareitum. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísad til umhverfis- og skipulagsráðs til afgreiðslu.
Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1551/2021.
44. **Kirkjusandur - Reitur F, breyting á** (01.345.1) Mál nr. SN220382
deiliskipulagi Skjalnr. 8540
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Miðborg F hótél ehf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur
Lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 15. júní 2022, varðandi breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna reits F. Í breytingunni felst að sameina reiti F2 og F3 í einn reit (F2) þar sem heimild verður fyrir íbúðarhúsnæði með allt að 115 íbúðum í stað blöndu af atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði, samkvæmt uppdr. ASK arkitekta dags. 21. júní 2022.
Vísad til umhverfis- og skipulagsráðs til afgreiðslu.
Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1551/2021.

45. **Snorrabraut 60, Viðbygging - Blóðbankinn** (11.934.03) Mál nr. BN061054
Skjalnr. 6940
Landberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að fækka bílastæðum um tvö og stækka til norðvesturs með viðbyggingu á einni hæð, og koma fyrir móttöku, vörumóttöku, vörulager, hjóla- og sorpgeymslu fyrir rannsóknarstofur Blóðbankans í húsi, mhl.01, á lóð nr. 60 við Snorrabraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
46. **Sólvallagata 14, (fsp) breytingar á húseign og lóð** (01.160.2) Mál nr. SN220230
Skjalnr. 13541
Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf. dags. 26. apríl 2022 um breytingar á húseign og lóð nr. 14 við Sólvallagötu. Einnig er lögð fram tillaga að nokkrum mögulegum útfærslum lóðar og húseign. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags.22. júní 2022., samþykkt.
47. **Kirkjuteigur 24, Laugarnesskóli, breyting á deiliskipulagi** (01.363.0) Mál nr. SN220388
Skjalnr. 6635
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Laugarnesskóla dags. 20. júní 2022, varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 24 við Kirkjuteig (Laugarnesskóla). Í breytingunni felst bygging skólastofa til bráðabirgða, samkvæmt uppdr. Umhverfis- og skipulagssviðs dags. 9. júní 2022.
Vísað til umhverfis-og skipulagsráðs til afgreiðslu.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:45.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir